

Mál nr. 64/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 7. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. mars 2023.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Fífuhammsvegur og Reykjanesbrautar þann 10. desember 2022 milli bifreiðanna A, sem er í eigu M og B. Báðar bifreiðarnar eru váttryggðar hjá V. Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðinni A ekið austur Fífuhammsveg með fyrirhugaða vinstri beygju norður Reykjanesbraut og var bifreiðinni B á sama tíma ekið af stað á gulu ljósi yfir gatnamótin með akstursstefnu vestur Fífuhammsveg. Ökumaður A kveðst hafa beygt til vinstri gegn grænu umferðarljósi þegar bifreiðinni B var skyndilega ekið aftan á bifreiðina. Kveðst ökumaður B hafa verið að bíða á rauðu ljósi og lagt af stað þegar hann sá gult ljós koma. Var hann að kveikja á sætis hita og tók augun af veginum í eina sekúndu. Þegar hann leit aftur upp var bifreiðinni A ekið í veg fyrir hann.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 486/22 að sök skiptist til helminga þar sem ósannað væri með stöðu umferðarljósa í aðdraganda áreksturs. M telur að B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem þeirri bifreið var ekið aftan á A og ökumaður B viðurkennir að hafa ekki haft athyglina á veginum er hann ók af stað gegn gulu ljósi.

V váttryggir báðar bifreiðarnar og tekur því ekki afstöðu til ágreiningsins í bréfi sínu til nefndarinnar.

Álit.

Af myndum af vettvangi og liggja fyrir í gögnum málsins sést af braki úr bifreiðunum að árekstur verður með bifreiðunum þegar bifreiðin A er næstum því búin að beygja af Fífuhammsvegi inn á aðrein að Reykjanesbraut. Einnig sést af gögnum málsins að ákoma er aftan á bifreið A. Í framburði sínum viðurkennir ökumaður B að hafa litið af veginum til þess að kveikja á hita í sæti bifreiðarinnar og að mati nefndarinnar verður hann þannig að bera hallan af sönnunarskortum um að ökumaður A hafi ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi. Þannig sýndi ökumaður B næga aðgát við aksturinn umrætt sinn, sbr. 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Einnig má ökumaður ekki aka af stað eftir að græn ljós hefur kviknað hafi umferð úr þverstæðri átt ekki komist út af gatnamótunum sbr. 10. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Samkvæmt framansögðu ber ökumaður B alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir